

## Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður, þó svo, að refsing ákærða sé í 8 mánaða betrunarhúsvinna. Ákærði Vilhjálmur Ingimagnsson greiði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningsláun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, málsfærslumannanna Odds Gíslasonar og Guðmundar Eggerz, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 8/1905:

Sigfús Eymundsson

gegn

síra Lárusi Halldórssyni.

## Dómur:

Mál þetta var höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af hinum stefnda, prentsmiðjueiganda síra Lárusi Halldórssyni í Reykjavík gegn áfrýjandanum, Sigfúsi bóksala Eymundssyni sama staðar, til að fá hann dæmdan til að greiða sér eftirstöðvar af borgun fyrir prentun og prófarkalestur á sálmasöngsbók eftir síra Bjarna Þorsteinsson, 700 kr., með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, auk málskostnaðar, og var málið dæmt í nefndum rétti hinn 22. desbr. f. á. með þeim úrslitum, að áfrýjandinn var skyldaður til að greiða stefnda 500 kr. með 5% vöxtum p. a. frá sáttakærudegi 26.

ágúst 1904 til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfryjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 3. febr. þ. á., og hefir hann fengið konungsleyfi til að leggja fram ný skjöl og skilríki í málinu. Hann hefir nú krafist þess fyrir yfirdómnum, að dóminum verði hrundið og áfryjandi algjörlega sykuður af kærnum og kröfum stefnda, að stefndi verði dæmdur til að greiða áfryjanda allan málskostnað bæði fyrir undir- og yfirrétti, og að stefndi verði sektaður fyrir óparfa málsýngu. Stefndi hefir gagnáfrýjað málinu og krafist þess af sinni hálfu, fyrst og fremst, að kröfur sínar fyrir bæjarþinginu verði að öllu leyti til greina teknar og að áfryjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað eftir réttarins mati. En til vara hefir hann krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og sér dæmdur málskostnaður.

Árið 1903 prentaði stefndi í prentsmiðju sinni fyrir áfryjanda sálmasöngsbók eftir síra Bjarna Þorsteinsson og annaðist prófarkalestur á henni, nema á síðustu próf-örk, sem annar maður las yfir, og er reikningur stefnda, er hann byggir kröfu sína á, á þessa leið:

18 arkir með nótum á 70 kr. . . . .	1260 kr.
2 arkir með venjul. prentlettri á 30 kr. . . . .	60 —
prófarkalestur, 20 arkir, á 5 kr. . . . .	100 —
	<hr/>
	1420 kr.
Borgað af áfryjanda . . . . .	720 —
	<hr/>
Eftir standa . . . . .	700 kr.

Þessar 700 kr. telur áfryjandi sig eigi skyldan til að borga stefnda, með því að svo hafi verið um samið

milli þeirra, að stefndi fengi fyrir prentunina 32 kr. fyrir hverja örk og 4 kr. fyrir prófarkalestur á örkinni, og hafi hann því borgað stefnda að fullu verk hans með 720 kr., þeim er greiddar séu þegar. En stefndi lýsir þessa sögu áfrýjanda gjörsamlega tilhæfulaus ósannindi. Segir hann, að hið eina sem um verðið hafi verið talað þeirra á milli, hafi verið, að þeir komu sér saman um að spyrjast fyrir um, hvað slíkt verk mundi kosta í Kaupmannahöfn, og skyldi stefndi heldur vera fyrir neðan það en ofan.

Hvorugur málsaðila hefir fært neinar sannanir fyrir þessum fullyrðingum sínum um umtalið um verð á prentuninni, en þeim er mótmælt hvorumtveggja af hins málsaðilans hálfu, og verða þær því eigi lagðar til grundvallar fyrir dómi í málinu, en úrslit málsins, eða það, hvort eða að hve miklu leyti kröfur stefnda eigi að takast til greina, verður að vera undir því komið, hvað álita má að prentunin hefði fengist fyrir í Reykjavík á þeim tíma, er bókin var prentuð þar, eða hvaða verð þá var á nótnaprentun í Reykjavík. En nú er það upplýst í málinu, að um þær mundir er sálmasöngsbók síra Bjarna Þorsteinssonar var prentuð, var prentsmiðja stefnda eina prentsmiðjan í Reykjavík, sem við nótnaprentun fekk, og verð á slíku verki í Reykjavík verður því að miðast við það, er sú prentsmiðja tók fyrir nótnaprentanir, er hún vann fyrir menn.

Stefndi hefir nú haldið því fram, að borgun sú, sem hann hefir talið sér fyrir prentun sálmasöngsbókarinnar, sé ákveðin hlutfallslega við aðrar nótnaprentanir í prentsmiðju sinni, og hefir hann nefnt til 4 nótnabækur, er þar hafa prentaðar verið, og verð á prentun þeirra, er

hann tjáir koma heim við borgun þá, er hann hefir krafist fyrir sálmasöngsbókina. Áfryjandi hefir að vísu neitað því, að prentun sálmasöngsbókarinnar sé eigi dýrari en aðrar nótnaprentanir hjá stefnda og hann hefir viljað sanna það með vitnisburði eins manns, að prentun á sumum af nótnabókum þeim, er stefndi kveðst hafa miðað við, hafi verið erfiðari en á sálmasöngsbókinni, og hafi þó verðið þar verið sett lægra en prentun sálmasöngsbókarinnar; en með vitnisburði þessa eina manns, sem stefndi hefir neitað að bæri fult skyn á að dæma um samanburð þann, er meta þurfti, og sem ekki var dómkvaddur eða skipaður á venjulegan hátt til slíks mats eða skoðunargjörðar, verður ekki álitid að hnekkst hafi verið mati því, er stefndi sjálfur hafði rétt til að gjöra á verki sínu, þar sem eigi var fyrirfram samið um borgun fyrir það, eins og ganga verður út frá eftir áður sögðu. Hins vegar er það málinu óviðkomandi, er áfryjandi hefir lagt fram skýrslur manna um hvað þeir vildu nú prenta sálmasöngsbókina fyrir eða hvað væri hæfilegt verð eftir þeirra álitu á prentun hennar, því að til þess að slíkar álitsgjörðir gætu haft áhrif á málsúrslitin, þurftistefndi að hafa undirgengist að prenta bókina fyrir verð, er hann réði engu um, en það hefir ekki verið sannað, eins og fyr er sýnt, að hann hafi gjört það.

Það verður samkvæmt þessu að álita, að stefndi hafi eigi ofreiknað sér borgun fyrir nótnaprentun í sálmasöngsbókinni með því að ákveða hana 70 kr. fyrir örkina, er miðað er við aðrar nótnaprentunir í prentsmiðju hans, og þar sem upplýst má telja í málinu, að Kaupmannahafnarverð á nótnaprentun hafi um það leyti verið

mun herra, verður því að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 1. lið prentunarreikningsins, 1260 kr.

Um 2. liðinn er enginn ágreiningur í málinu.

Hvað 3. liðinn (borgun fyrir prófarkalestur) áhrærir, þá verður heldur ekki bygt á neinum samningi honum viðvíkjandi, en stefndi hefir tekið 5 kr. fyrir prófarkalestur að öllu leyti á öðrum nótnabókum, þeim er hjá honum hafa verið prentaðar, og þar sem það er in confesso, að áfrýjandi hafi keypt sérstaklega annan mann til að lesa síðustu próförk sálmasöngsbókarinnar og ábyrgjast að rétt væri prentað, þá virðist eigi ástæða til að dæma stefnda hærri þóknun fyrir prófarkalesturinn en áfrýjandi hefir viðurkennt að hafa lofað, 4 kr. fyrir örkina.

Samkvæmt þessu ber áfrýjanda að greiða stefnda eftirstöðvar af borgun fyrir umrædda prentun og prófarkalestur, 680 krónur með 5% vöxtum frá sáttakæru-degi til borgunardags. Í málskostnað fyrir yfirdómi ber áfrýjanda eftir þessum úrslitum málsins að greiða stefnda 40 krónur.

#### Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn, Sigfús bóksali Eymundsson, greiði stefnda Lárusi prentsmiðjueiganda Halldórssyni 680 krónur ásamt 5% vöxtum p. a. frá 26. ágúst 1904 til borgunardags, og í málskostnað fyrir yfirdómi 40 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.